ANTIKVA EHF 2025

# Varmalækur

## Fornleifaskráning vegna skógræktar

**Hermann Jakob Hjartarson, Svavar Níelsson og Ragnheiður Traustadóttir**





**Kort 1. Skráningarsvæðið er rauða svæðið á kortinu.**

Forsíðumynd: Stekkur [3397-20]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Hermann Jakob Hjartarson

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-66-6

Verkefnanúmer MÍ: 3397

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Hermann Jakob Hjartarson, Svavar Níelsson og Ragnheiður Traustadóttir

# Efnisyfirlit

Kortaskrá ........ 7

Inngangur ........ 9

Fornleifaskráning ........ 10

Skráningarsvæðið ........ 11

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 11

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 15

Minjanúmer ........ 15

Staðsetning ........ 16

Tegund, hlutverk og heiti ........ 16

Staðhættir og lýsing ........ 16

Hættumat ........ 16

Mótvægisaðgerðir ........ 17

Fornleifar á svæðinu ........ 17

Varmalækur ........ 18

Minjar í og við túnið ........ 19

Varmalækur [3397-1] bær - býli ........ 20

Pakkhús [3397-19] heimild ........ 21

Fjós/hlaða [3397-38] heimild ........ 21

Fjárhús [3397-31] heimild ........ 22

Kirkja og kirkjugarður [3397-2] heimild ........ 23

Kálgarður [3397-28] heimild ..... 24
Vegur [3397-30] heimild ..... 24
Gesttóftahóll -hesthús [3397-3] heimild ..... 25
Gerði – túngarður [3397-4] garðlag ..... 26
Beðasléttur [3397-16] jarðrækt ..... 26
Framræsluskurðir [3397-17] niðurgreftir ..... 27
Lambhús [3397-5] heimild ..... 28
Fjárhús [3397-11] heimild ..... 28
Kálgarður [3397-29] heimild ..... 29
Rétt og nátthagi [3397-32] heimild ..... 29
Laug [3397-34] heimild ..... 30
Húsasund - mógrafir [3397-39] heimild ..... 30
Útihús [3397-40] heimild ..... 31
Minjar utan túns ..... 31
Torftökusvæði [3397-6] heimild ..... 32
Reiðingsholt - torfþurrkunarsvæði [3397-7] heimild ..... 32
Engjavegur [3397-18] leið ..... 32
Mógrafir? [3397-26] niðurgröftur ..... 33
Hjálmsvað – Vað [3397-8] og leið [3397-37] gata ..... 34
Brú og leið [3397-9/42] hleðslur - leið ..... 34
Strákavað [3397-10] heimild ..... 35

Laxagata [3397-12] heimild ... 36
Þjóðvegur [3397-27] gata ... 36
Götás – leið [3397-13] gata ... 37
Leið [3397-43] gata ... 38
Leið [3397-45] gata ... 39
Gamlistekkur [3397-14] tóft ... 39
Mógrafir Grafardalur [3397-15] heimild ... 40
Stekkur [3397-20] tóft ... 41
Selflatir - sel[3397-21] heimild ... 43
Ambáttarhóll – Selhóll – sel/bær [3397-22] tóftir ... 44
Varða [3397-25] samgöngubót/selsvarða/eyktarmark ... 45
Leið [3397-36] gata ... 46
Hlið og vegur [3397-23/24] steypa og gata ... 46
Leið [3397-44] leið ... 47
Mógrafir [3397-35] niðurgröftur ... 47
Lambhúslág [3397-33] heimild ... 48
Garðlag [3397-41] óþekkt notkun ... 49
Samantekt og niðurstöður ... 49
Heimildir ... 52
Árnastofnun – Örnefnasafn ... 52
Viðaukar ... 53

Fornleifaskrá ........ 53

Kort ........ 53

## Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform á Vesturlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands. ........ 14

Mynd 2. Málverk eftir W. G. Collingwood frá 1897. Á því hefur hann teiknað torfbæinn ásamt kálgarði og túngarði. ........ 20

Mynd 3. Ljósmynd frá 1914 sem sýnir frá vinstri til hægri: Fjós [3397-38], pakkhús [3397-19] og íbúðarhús [3397-1]. ........ 21

Mynd 4. Ljósmynd frá um 1940. Frá vinstri til hægri: Fjós og þar fyrir aftan hlaða [3397-38], pakkhús [3397-19] og svo íbúðarhús [3397-1]. Lengst til hægri og fremst á mynd er svo fjárhúsið [3397-31]. ........ 22

Mynd 5. Túngarðurinn [3397-4] og beðasléttur. ........ 25

Mynd 6. Beðasléttur [3397-16]. ........ 27

Mynd 8. Engjavegur [3397-18] fyrir miðri mynd. ........ 32

Mynd 9. Brúin [3397-9], myndin er tekin Varmalækjarmegin. ........ 35

Mynd 10. Vegur [3397-27]. ........ 36

Mynd 11. Gamlistekkur [3397-14]. ........ 40

Mynd 12. Stekkur [3379-20]. ........ 42

Mynd 13. Drónamynd af tóftunum við Ambáttarhól, mynd tekin til vesturs. ........ 44

Mynd 14. Uppmæling á tóftunum [3397-22] við Ambáttarhól. ........ 45

Mynd 15. Varða [3397-25] er uppi á Ambáttarhól. ........ 46

Mynd 16. Annar hliðarstaurinn [3397-23] er uppistandandi en hinn hruninn. Vegurinn [3397-24] liggur á milli þeirra. ..... 47

## Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið er rauða svæðið á kortinu. ..... 2

Kort 2. Skráningarsvæðið. ..... 10

Kort 3. Jörðin Varmalækur og skráðar minjar. ..... 17

Kort 4. Túnakort Varmalækjar frá 1917-1920. ..... 18

Kort 5. Minjar í og við túnið, flestar minjarnar í túninu eru horfnar og er staðsetning þeirra þá áætluð útfrá heimildum. ..... 19

Kort 6. Húsin og kálgarðarnir á bæjarstæðinu samkvæmt túnakorti ..... 23

Kort 7. Áætluð staðsetning minja á bæjarstæðinu. Þessar minjar eru horfnar í dag, eða a.m.k. ekki sýnilegar á yfirborði í dag. ..... 24

Kort 8. Sex framræsluskurðir [3397-17] teljast til fornleifa. ..... 28

Kort 9. Kálgarður [3397-29] á túnakorti. ..... 29

Kort 10. Hluti af túnakortinu frá 1917-1920 þar sem nátthagi og réttinn [3397-32] eru sýnd. 30

Kort 11. Minjar á norðvestanverðri jörðinni. ..... 31

Kort 12. Minjar á norðaustan verðri jörðinni. ..... 33

Kort 13. Minjar á suðvestanverðri jörðinni. ..... 37

Kort 14. Vegir, götur og brýr á herforingaráðskorti frá 1911. ..... 38

Kort 15. Leið sunnan við bæinn [3397-43]. ..... 38

Kort 16. Leið [3397-45]. ..... 39

Kort 17. Minjar á suðaustanverðri jörðinni. ..... 41

Kort 18. Selið hefur verið á flötinni neðst við Selsgilið. 43

Kort 19. Mógrafir [3397-35] 48

Kort 20. Garðlög - gerði [3397-41]. 49

# Inngangur

Að beiðni Ellert Maríssonar, fyrir hönd Heartwood Afforested Land ehf.,tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna fyrirhugaðrar skógræktar á jörðinni Varmalæk í Borgarfirði. Heartwood Afforested Land ehf. á landið og stendur til að hefja þar skógrækt.

Skráningin fékk verknúmerið 3397 hjá Minjastofnun Íslands.

Varmalækur hefur líklega verið í byggð frá landnámsöld, og var þar kirkja á miðöldum. Fáar sýnilegar minjar eru á bæjarstæðinu, en innan skipulagssvæðisins fundust 45 minjar, meðal annars sel/bæjarstæði, stekkir, beðasléttur og leiðir.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Sigurður Jakobsson ábúandi hefur búið á jörðinni alla sína ævi og veitti upplýsingar um minjar á svæðinu og er honum þakkað fyrir veittar upplýsingar.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Loftmyndir og grunnkort eru fengin hjá Loftmyndum ehf., Google og örnefnavefsjá.

Með skýrslunni fylgir stafrænn hnitagrunnur.

# Fornleifaskráning

Fornleifaskráning fór fram á jörðinni árið 2001 þegar Bær í Bæjarsveit og Kleppjárnsreykir í Reykholtsdal voru skráðir, í þeirri skýrslu sem ber heitið *Fornleifaskráning í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar III: Bær í Bæjarsveit og Kleppjárnsreykir í Reykholtsdal* er Varmalækur skráður út frá heimildum, en engar uppmælingar/teikningar eru af minjunum. Þetta er því í fyrsta skipti sem gengið er skipulega um það og leitað að minjum eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Minjarnar voru staðsettar og mældar upp á vettvangi.




**Kort 2. Skráningarsvæðið.**

## Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir jörðina Varmalæk í Borgarfirði. Jörðin er afmörkuð af Flókadalsá í norðaustri og Múlastöðum í austri. Að hluta nær skráningarsvæðið upp á Varmalækjarmúla og afmarkast í vestri af jörðunum Múlakoti og Fossatúni. Að norðan nær jörðin að Borgarfjarðarbraut, að undanskildum landskika austur af Blundsvatni. Í suðri liggur jörðin að Skálpastöðum

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til

minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

| Attribute | Value |
|---|---|
| Id | 339714 |
| Name | Gamlistekkur |
| Class | Arkeologiska object |
| eldra_minj_id | BO-175:013 |
| minj_id | 3397-14 |
| verkefna nr | 3397 |
| Sérheiti | Gamlistekkur |
| bæjarnafn | Varmalækur |
| jarðatal johnsen | 175 |
| yfirflokkun | búsetuminjar |
| tegund | tóft |
| efni | torf og grjót |
| verndun | friðað |
| lengd | 15 meter |
| breidd | 7 meter |
| veggjahæð frá | 0.3 |
| veggjahæð_til | 0.8 |
| breidd veggjar | 0.5 |
| Athugasemdir | Tvö hólf annað verið lambakró |
| umhverfi | gras- og mólendi |
| aldur_fra | 900 |
| aldur_til | 1900 |
| skráning | HJH-SN-RT |
| mæling | uppmæling |
| heimsott | 17.02.2025 |
| horfin | nei |
| horfin_astæða | <None> |
| hættumat | mikil hætta |
| hættuorso | |
| haetta_tilefni | vegna skógræktar |
| ástand | greinanlegar |
| minjagildi | mikið |
| Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar |
| sveitarfélag | Borgarbyggð |
| Hlutverk | stekkur |

**Mynd 1. Skráningarform á Vesturlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Varmalækur. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Ambáttarhóll [3397-22]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer

Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Vesturlandi.

### Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Dalabyggðar. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi. Í tilfelli horfina minja er í sumum tilfellum er ekki alveg ljóst hvar minjarnar voru og er staðsetning þeirra áætluð út frá heimildum.

### Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis stekk. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis varða [3397-25].

### Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman

að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar.

### Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

## Fornleifar á svæðinu




**Kort 3. Jörðin Varmalækur og skráðar minjar.**



**Kort 4. Túnakort Varmalækjar frá 1917-1920.**

## Varmalækur

Varmalækur, sem í sumum heimildum er kallaður Varmilækur hefur líklega verið í byggð frá landnámi. Ólafur hjalti nam land í Varmalæk, þar bjó hann ásamt Glúmi syni sínum og konu hans Hallgerði Langbrók. Þórólfur fóstri Hallgerðar drap Glúm eftir að Glúmur hafði slegið Hallgerði kinnhest eins og segir í Brennunjálssögu. Fyrst er getið um kirkju árið 1367 og er hún þá helguð heilögum Tómasi.[1]

Jörðin var metin á 60 hundruð árið 1707[2] og einnig árið 1847.[3] Í Sýslu og sóknarlýsingum árið 1840 er Varmalækur þó sagður vera metinn á 54 hundruð. Þar er jörðinni lýst þannig að

[1] Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 222.
[2] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1925 og 1927), bls. 190.
[3] J. Johnsen, 1847, bls. 114.

hún hafi ill og lítil tún, víðendan en vondan heyskap, en útigang góðan og nokkurt skógarhrís, laxveiði átt jörðin ásamt Bæ í Flókadalsá og með Hesti í Grímsá.[4]

Árið 1947 fékk nýbýlið Hellur ¼ af landinu.[5] Mikil landgræðsla var á seinni hluta 20. aldar, þá stóð bóndinn á staðnum, Jakob Jónsson fyrir mikilli uppgræðslu á berum melum með heyúrgangi, áburði og öðrum aðferðum.[6]

## Minjar í og við túnið




**Kort 5. Minjar í og við túnið, flestar minjarnar í túninu eru horfnar og er staðsetning þeirra þá áætluð útfrá heimildum.**

[4] Mýrar- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 2005, bls. 256.
[5] Byggðir Borgarfjarðar II, 1989, bls. 205.
[6] Árbók FÍ, 2004, bls. 83.

## Varmalækur [3397-1] bær - býli

Túnakortið sýnir íbúðarhús [3397-1][7] úr timbri sem byggt var 1904 og talið er að eldri torfbær hafi staðið sunnan við það á brekkubrún.[8] Timburhúsið var rifið árið 1950.[9] Á ljósmynd frá 1914 sést tvílyft timburhús með átta gluggum á suðurhlið og þremur á vesturhlið. Tengibygging er á milli hússins og pakkhúss [3397-19] og er inngangur í húsið í henni.[10]

Eldri torfbær sést á málverki sem W.G. Collingwood málið árið 1897 þegar hann var á ferðalagi um landið.[11]

Þar sem bæirnir stóðu er nú syðsti hluti útihúsasamstæðu þar sem nú er hlaða.



**Mynd 2. Málverk eftir W. G. Collingwood frá 1897. Á því hefur hann teiknað torfbæinn ásamt kálgarði og túngarði.**

[7] Eldra minjanúmer: BO-175:001.
[8] Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson, 2001, bls. 26; Túnakort Varmalækur.
[9] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.
[10] Ljósmynd - Varmalækur
[11] Collingwood, 1897.

## Pakkhús [3397-19] heimild

Pakkhús [3397-19] [12] stóð við hliðina á íbúðarhúsinu og voru þau hús sambyggð. Húsið sést á ljósmynd frá 1914. Þar er tengt við íbúðarhúsið með tengibyggingu. Húsið er lægra en íbúðarhúsið og dyr hússins vísa til vesturs.[13] Á túnakorti eru þessi hús merkt inn sem eitt hús.[14]




**Mynd 3. Ljósmynd frá 1914 sem sýnir frá vinstri til hægri: Fjós [3397-38], pakkhús [3397-19] og íbúðarhús [3397-1].**

## Fjós/hlaða [3397-38] heimild

Norðan við pakkhúsið [3397-19] var fjós og hlaða.[15] Á ljósmyndum frá 1914 og frá um sést fjósið og fyrir austan það hlaðan.[16] Á túnakortinu er þetta merkt inn sem eitt hús.

[12] Eldra minjanúmer: BO-175:004.
[13] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild ; Ljósmynd – Varmalækur, 1914
[14] Túnakort Varmalækur.
[15] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.
[16] Ljósmynd Varmalækur, 1914 ; Ljósmynd Varmalækur, u.þ.b. 1940

### Fjárhús [3397-31][17] heimild

Fjárhús stóð þar sem nú er íbúðarhús sem byggt var árið 1950.[18] Á ljósmynd frá um 1940 sést endinn á fjárhúsinu, húsið var úr timbri.[19] Fjárhúsið er merkt inn á túnakot.[20]



**Mynd 4. Ljósmynd frá um 1940. Frá vinstri til hægri: Fjós og þar fyrir aftan hlaða [3397-38], pakkhús [3397-19] og svo íbúðarhús [3397-1]. Lengst til hægri og fremst á mynd er svo fjárhúsið [3397-31].**

[17] Eldra minjanúmer: BO-175:002.
[18] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.
[19] Ljósmynd – Varmalækur, u.þ.b.
[20] Túnakort Varmalækur.




**Kort 6. Húsin og kálgarðarnir á bæjarstæðinu samkvæmt túnakorti.**

## Kirkja og kirkjugarður [3397-2] heimild

Samkvæmt Sigurði Jakobssyni ábúanda á Varmalæk fundust mannabein þegar að fjárhúshlaðan var byggð um 1959-60. Kristján Eldjárn sem þá var þjóðminjavörður var kallaður til og áleit hann að þetta væru bein úr kirkjugarði, beinin voru jörðuð aftur.[21]

Kirkja [3397-2] [22] var þarna á miðöldum. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem voru þarna árið 1707, er sagt að 30 árum áður hafi kirkjan enn staðið en var fallin þegar þeir voru þarna.[23] Leifar af kirkjunni og kirkjugarðinum gætu verið austan við húsin ekki er ljóst hvað fór undir fjárhúshlöðuna.

[21] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.
[22] Eldra minjanúmer: BO-175:008.
[23] Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1925 og 1927, bls. 190.




**Kort 7. Áætluð staðsetning minja á bæjarstæðinu. Þessar minjar eru horfnar í dag, eða a.m.k. ekki sýnilegar á yfirborði í dag.**

## Kálgarður [3397-28] heimild

Á túnakorti er kálgarður teiknaður inn sunnan við bæjarhúsin.[24] Einnig sést kálgarður sem á málverki frá Collingwood frá 1897.[25] Líklega er þetta sami garðurinn á báðum verkunum.

## Vegur [3397-30] heimild

Á túnakort er merktur inn vegur sem lá frá bæjarhúsunum og að Húsasundi.[26] Ekkert sést til vegarins í dag, en hann lá líklega þar sem nú er slóði eftir bíla inn á túnið.

[24] Túnakort Varmalækur.
[25] Collingwood, 1897.
[26] Túnakort Varmalækur.

### Gesttóftahóll -hesthús [3397-3] heimild

„Nyrzt á túni er hóll, sem nefndur er Gesttóftahóll [3397-3] [27]. Þar voru tættur eftir hesthús Gests á Varmalæk.“[28] Svo segir í örnefnaskrá.

Engar fornleifar sjást á þessu svæði í dag, aðeins hólar. Samkvæmt heimildamanni er búið að slétta svæðið, það var gert fyrir hans tíð. Hinsvegar man hann eftir því að þegar túnið var endurræktað „skrallaði” tætarinn reglulega á einhverri fyrirstöðu rétt undir yfirborði. Hann telur að þar hafi verið gamlar grjóthleðslur. [29]



**Mynd 5. Túngarðurinn [3397-4] og beðasléttur.**

[27] Eldra minjanúmer: BO-175:015.
[28] Örnefnaskrá Varmalækur.
[29] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.

### Gerði – túngarður [3397-4] garðlag

„Á hátúninu norðaustan af Brekkunni heitir Gerði“[30] segir í örnefnaskrá. Þarna eru leifar af túngarði [3397-4].[31] Á túnakortinu er túnið girt með bæði girðingu og garði.[32] Á málverkinu eftir Collingwood sést hluti garðsins.[33] Um 185 metrar eru enn sýnilegir af garðinum við austurenda túnsins. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti að því er virðist. Hann er um 1 m að breidd.

### Beðasléttur [3397-16] jarðrækt

Vestan við bæinn, á austurhluta túnsins sem kallast Kinn í Framtúni, eru umfangsmiklar beðasléttur, um 250 x 85 m að stærð. Trjám hefur verið plantað á svæðinu, en beðaslétturnar eru enn greinilegar.

Torfi Bjarnason sem síðar var þekktur fyrir að stuðla að framförum í landbúnaði á Íslandi og stofnaði Ólafsdalsskólans í Gilsfirði, bjó á Varmalæk 1869-1871. Samkvæmt heimildarmanni útbjó hann líklega þessar beðasléttur, þótt einnig sé mögulegt að það hafi verið Auðunn Vigfússon.[34]

Heimildarmaður taldi ekki ósennilegt að fyrsti áfangi þeirra hafi verið gerður af Torfa Bjarnasyni. Þar sem hann En þar sem hann var þarna í aðeins tvö ár er ólíklegt að hann hafi gert þær allar.

Þar sem hann var aðeins á Varmalæk í tvö ár er þó ólíklegt að hann hafi útbúið þær allar. Auðunn Vigfússon bjó á Varmalæk á árunum 1871–1884, og Jakob Jónsson frá 1884 til dauðadags árið 1912. Heimildarmaður telur líklegt að beðaslétturnar séu að mestu leyti frá búskapartíð Jakobs Jónssonar.[35]

[30] Örnefnaskrá Varmalækur.
[31] Eldri minjanúmer: BO-175:016 og BO-175:022. (Minjarnar fengu tvö númer í fyrri skráningu, annars vegar túngarður og hins vegar örnefnið Gerði en fá nú eitt númer þar sem um sömu minjar er um að ræða)
[32] Túnakort Varmalækur.
[33] Collingwood, 1897.
[34] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.
[35] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.



**Mynd 6. Beðasléttur [3397-16].**

## Framræsluskurðir [3397-17] niðurgreftir

Mikið er af framræsluskurðum í túninu norðvestur af bænum, sem kallast Niðurtún. Flestir þeirra eru nýlegir, en sjö teljast til fornleifa þar sem þeir eru eldri en 100 ára. Um er að ræða sex skurði sem liggja í túninu vestan við bæinn, við heimkeyrsluna. Þessir skurðir voru handgrafnir af Þorsteini Jakobssyni, eða Steina Hreða, sem var afkastamikill í skurðagreftri.[36]

[36] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.

Skurðirnir eru grynnri í dag en hinir nýju skurðirnir, en þeir þjóna enn sínum tilgangi.




**Kort 8. Sex framræsluskurðir [3397-17] teljast til fornleifa.**

## Lambhús [3397-5] heimild

Sunnan við lækinn er tún, sem heitir Lambhústún og þar hafa vafalaust staðið lambhús [3397-5] [37], og vitað er, að þar voru ær mjaltaðar í kvíum.[38] Á túnakorti er merkt inn hús á þessu svæði.[39] Ekkert sést til minjanna í dag.

## Fjárhús [3397-11] heimild

Á túnakorti er teiknað inn hús við enda túnsins.[40] Samkvæmt heimildamanni stóðu fjárhús á þessum stað, en ekkert sést til fornleifa í dag, búið að slétta svæðið.[41]

[37] Eldra minjanúmer: BO-175:017.
[38] Örnefnaskrá Varmalækur.
[39] Túnakort Varmalækur.
[40] Túnakort Varmalækur.
[41] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.

### Kálgarður [3397-29] heimild

Inn á túnakort er merktur inn matjurtagarður í mel í norðvestur túninu.[42] Ekkert sést til hans í dag.




**Kort 9. Kálgarður [3397-29] á túnakorti.**

### Rétt og nátthagi [3397-32] heimild

Á túnakorti er merkt inn rétt [3397-32] [43] í Nátthaga norðuvestur frá bænum.[44] Girðing er á nátthaganum á öllum hliðum nema suðurhlið þar virðist vera torf og grjóthlaðinn garður. Réttin er hlaðinn og er í suðaustur hornum í nátthaganum. Ekkert sést til minjanna í dag. Staðsetning minjanna er ekki alveg ljós og er þær merktar inn á kortin út frá túnakorti sem gæti verið í röngum hlutföllum.

[42] Túnakort Varmalækur.
[43] Eldra minjanúmer: BO-175:007.
[44] Túnakort Varmalækur.



**Kort 10. Hluti af túnakortinu frá 1917-1920 þar sem nátthagi og réttinn [3397-32] eru sýnd.**

## Laug [3397-34] heimild

„Lækurinn, sem rennur við tún á Varmalæk, er kaldur, þ. e. a. s. kaldavermsl, sama hitastig allt árið og frýs aldrei, nema ef í hann skefur og bræðir þá mjög fljótt af sér."[45] segir í svörum við spurningalista örnefnaskrár. Í ferðabók Eggert Ólafssonar og Bjarna Pálssonar er sagt frá volgri laug sem fellur rétt hjá bæjarhúsunum út í lækinn. Einnig segir: „Þar í grenndinni er lítil baðlaug, sem lítið er notuð."[46] Ekki sést til laugarinnar og ekki er ljóst hvar nákvæmlega hún var, en líklega hefur hún verið staðsett fyrir rétt sunnan við þar sem bæjarhúsin eru í dag.

## Húsasund - mógrafir [3397-39] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Þar vestur af og ofar er hvammur, sem heitir Folaldakrókur, og niður af honum tekur við Húsasund, sem vegurinn liggur nú eftir." Í svörum við spurningalista segir:

[45] Svör við spurningalista Örnefnastofnunar.
[46] Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, 1981, bls. 65.

„Ekki var gott mótak á Varmalæk, en nothæft þó. Aðallega á Húsasundi og í Grafardal. Sennilega hefir verið hætt að taka upp mó milli 1920 og 1930.“[47]

### Útihús [3397-40] heimild

Á túnakorti er merkt inn hús sem líklega er útihús er það vestan við bæinn í vesturenda túnsins á túnakortinu.[48] Ekki sést til fornleifa á svæðinu og er ekki alveg ljóst hvor það sé undir veginum eða hafi verið slétta út þegar túnið var stækkað. Staðsetning er ekki nákvæm.

## Minjar utan túns




**Kort 11. Minjar á norðvestanverðri jörðinni.**

[47] Svör við spurningalista Örnefnastofnunar.
[48] Túnakort Varmalækur.

### Torftökusvæði [3397-6] heimild

„Góð reiðingsrista var í Flóðum niður af Reiðingsholti“[49] segir í svörum við spurningalista örnefnaskrár. Mjög þýft er á svæðinu og erfitt að greina ristur eða niðurgröft á svæðinu.

### Reiðingsholt - torfþurrkunarsvæði [3397-7] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Flóðunum eru tvö lág holt. Heitir það syðra Reiðingsholt.“[50] Í svörum við spurningalista segir: „ Góð reiðingsrista var í Flóðum niður af Reiðingsholti. Var torfið þurrkað á Reiðingsholti. Góð torfrista var víðar í landi Varmalækjar.“ Engin spor eru eftir að torf hefur verið þurrkað á svæðinu.



**Mynd 7. Engjavegur [3397-18] fyrir miðri mynd.**

### Engjavegur [3397-18] leið

Engjavegur lá frá bænum og að Engjastapa. Handgrafinn vegur sem var gerður fyrir heybandslestina samkvæmt heimildarmanni.[51] Vegurinn liggur að hluta þar sem nú er

[49] Svör við spurningalista Örnefnastofnunar.
[50] Örnefnaskrá Varmalækur.
[51] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.

heimreiðin að Varmalæk og að Engjastapa, þar sem hann er sýnilegur. Hluti vegarins er nú utan skráningarsvæðisins. Hann er skorinn af framræsluskurðum.

### Mógrafir? [3397-26] niðurgröftur

Við Engjastapa er dæld í mýrinni, mögulega eru þetta mógrafir.




**Kort 12. Minjar á norðaustan verðri jörðinni.**

### Hjálmsvað – Vað [3397-8] og leið [3397-37] gata

Í örnefnaskrá Varmalækjar segir: „Fyrir ofan gljúfrin eru eyrar upp á merki, sem nefndar eru Undirlendi. Neðst á því er foss, sem heitir Hjálmsfoss, er talinn draga nafn af manni, er hafi farið þar í ána, en Hjálmsvað [3397-8][52] er rétt ofan við fossinn.“[53]

Í örnefnaskrá Steðja segir: „Vestur af nesinu er efsti fossinn í ánni á þessum slóðum, og heitir hann Hjálmsfoss. Ofan við hann er Hjálmsvað á ánni, og undir fossinum er hylur, sem heitir Hjálmshylur. Allt á þetta að vera kennt við einhvern Hjálm, sem fór í ána, en vaðið var rétt á fossbrúninni.“[54] Leið [3397-37] liggur frá vaðinu og að malarvegi sem lá að brúnni [3397-9] og vegi [3397-42]. Leiðin er um 70 metrar.

### Brú og leið [3397-9/42] hleðslur - leið

„Þar neðar er svo lítill foss, nefndur Brúarfoss, dregur nafn af, að þar var sett brú á ána og notuð um hríð.“[55] Segir í örnefnaskrá Varmalækjar. Í örnefnaskrá Steðja er sagt betur frá brúnni: „Á gljúfrinu, spölkorn fyrir neðan Hjálmsfoss, var byggð trébrú yfir ána árið 1894 og lagður vegur að henni yfir mýrarsund, sem þar er fyrir austan, og var eftir það kallað Brúarsund, ef til vill af brúnni á ánni, en líklega frekar af veginum yfir sundið, brú þá í merkingunni vegarspotti yfir mýrarsund. Annars þræddi hestavegurinn mela upp að Steðjanum og austur með honum ofan við mýrarsundin og austur hjá Hestakletti yfir mýrarsund norðan klettsins á Skeiðmel í Brúsholtslandi. Þessi brú á Flóku var rifin vorið 1934, þegar ný brú hafði verið byggð á Strákavaði haustið 1933, en stöplarnir að henni sjást enn, svo og vegurinn (brúin) yfir sundið.“[56]

Í dag eru leifar af hlaðinni undirstöðu af brúnni [3397-9] [57] Steðja-megin. Varmalækjar-megin er einn hlaðinn stólpi uppistandandi, hlaðinn grjóti með steypu á milli. Merkilegar minjar um brúarsmíði í lok 19 aldar.

[52] Eldra minjanúmer: BO-175:011.
[53] Örnefnaskrá Varmalækur.
[54] Örnefnaskrá Steðji.
[55] Örnefnaskrá Varmalækur.
[56] Örnefnaskrá Steðji.
[57] Eldra minjanúmer: BO-175:011.

Leið [3397-42] liggur frá brúnni [3397-9] og að austurenda túnsins. Í örnefnaskrá segir: „Beint inn úr Dalnum liggur svo Steðjalág. Dregur hún nafn af því, að hún liggur í átt til Steðja. Áður lágu reiðgötur eftir Steðjalág að eldri Flókubrú.“[58]



**Mynd 8. Brúin [3397-9], myndin er tekin Varmalækjarmegin.**

## Strákavað [3397-10] heimild

„Nokkuð þar fyrir neðan er svo vað á ánni, sem heitir Strákavað. Þar er nú brúin á ánni“[59] segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningalista segir ennfremur: „Strákavað var illt yfirferðar, grýttur botn og áin ströng.“[60]

[58] Örnefnaskrá Varmalækur.
[59] Örnefnaskrá Varmalækur.
[60] Svör við spurningalista Örnefnastofnunar.

### Laxagata [3397-12] heimild

„Neðst um Lágsnagann liggur svo Laxagatan“[61] segir í örnefnaskrá. „Sagt er, að lax, sem veiddur var í Flóku, sennilega með ádrætti, hafi verið fluttur heim að Bæ eftir Laxagötu“ [62] segir í svörum við spurningalista. Leiðin fannst ekki við skráningu, líklega er hún utan svæðis.

### Þjóðvegur [3397-27] gata

Þjóðvegurinn lá á þessum stað, leiðinni var breytt um aldamótin seinustu og eru þetta leifar af gamla veginum. Ekki er um fornleifar að ræða.



**Mynd 9. Vegur [3397-27].**

[61] Örnefnaskrá Varmalækur.
[62] Svör við spurningalista Örnefnastofnunar.




**Kort 13. Minjar á suðvestanverðri jörðinni.**

## Götás – leið [3397-13] gata

„Þá er það Götás, sem fyrr er nefndur. Hann hefur nafn sitt af, að eftir honum lá aðalvegurinn áður fyrr, sá sami, sem lá um Hestháls. Ofan við Götás er mýrarsund, sem nefnt er Múlasund. Mikið af því er í Fossatúnslandi. Við norðurendann á Götás kemur Rauðilækurinn niður.“[63] Segir í örnefnaskrá.

Leiðin er sýnileg á a.m.k. 350 m kafla. Nær frá Rauðalæk og út fyrir landareignina til suðvesturs. Leiðin heldur svo áfram heim að bæjarhlaði Varmalæks.

[63] Örnefnaskrá Varmalækur.




**Kort 14. Vegir, götur og brýr á herforingaráðskorti frá 1911.**




**Kort 15. Leið sunnan við bæinn [3397-43].**

## Leið [3397-43] gata

Leiðin lá samkvæmt herforingaráðskorti frá 1911 sunnan við bæinn þar sem heitir Dalur.[64] Hún gekk frá leið [3397-13], hélt áfram sunnan við bæinn og til austurs, þar sem hún tengdist

[64] Herforingjaráðskort, 1911.

öðrum leiðum. Hún sést á vettvangi á nokkrum stöðum en kemur enn skýrar fram á loftmyndum.




**Kort 16. Leið [3397-45].**

## Leið [3397-45] gata

Leið [3397-45] liggur frá Götás [3397-13] og að vegi [3397-24]. Leiðin sést á herforingjaráðskorti frá 1911.[65] Leiðin liggur ofan við Grafardal en neðan Stekkjarás og yfir Selflatir. Hún sést á vettvangi sum staðar en betur á loftmynd. Það má greina sum staðar reiðgötur þannig leiðin hefur verið notuð lengið.

## Gamlistekkur [3397-14] tóft

Í örnefnaskrá segir: „Norðan undan Kárahjalla (svo), næstum því niður við jafnsléttu, heitir Gamlistekkur.“ [66] Í svörum við spurningalista segir : „Skammt ofan við Grafardal eru rústir, sem jafnan voru nefndar Gamlistekkur.“[67] Stekkurinn [3397-14] [68] er gróinn og sokkinn í landslagið. Stekkurinn er líklega úr torfi og grjóti, en erfitt er að sjá það sökum þess hve sokkinn hann er. Hann er með tvö hólf og er 15 x 7 m að stærð, og annað hólfið hefur líklega verið lambakró. Opið snýr í vestur.

[65] Herforingjaráðskort, 1911.
[66] Örnefnaskrá Varmalækur.
[67] Svör við spurningalista Örnefnastofnunar.
[68] Eldra minjanúmer: BO-175:013.



**Mynd 10. Gamlistekkur [3397-14].**

## Mógrafir Grafardalur [3397-15] heimild

Í örnefnaskrá segir frá mógröfum [3397-15] [69]: „Rétt hjá Rauðalæk, beint niður af Gamlastekk, er syðst í melnum grasi vaxin dæld, sem heitir Grafardalur. Framan í melunum, niður að flóanum, eru tvær lágar, sem heita Dýjalágar“[70] Í svörum við spurningalista segir: „Ekki var gott mótak á Varmalæk, en nothæft þó. Aðallega á Húsasundi og í Grafardal. Sennilega hefur verið hætt að taka upp mó milli 1920 og 1930.“[71] Mógrafirnar eru ekki vel sýnilegar á vettvangi..

[69] Eldra minjanúmer: BO-175:023.
[70] Örnefnaskrá Varmalækur.
[71] Svör við spurningalista Örnefnastofnunar.




**Kort 17. Minjar á suðaustanverðri jörðinni.**

## Stekkur [3397-20] tóft

Í örnefnaskrá segir: „Inn af Hádegisgili er grasi gróin hvilft, sem heitir Skál. Þar niður af er ás, sem heitir Stekkjarás. Hann er skógi vaxinn.“[72] Einnig segir: „Syðst í Stekkjarási eru rústir, sem ávallt voru nefndar Stekkur“[73] Í svörum við spurningalista segir „Vestan við Stekkjarás (82) voru rústir undir allháum kletti, venjulega kallaðar Stekkur“.[74]

Stekkurinn [3397-20] [75] er 15 x 8 m að stærð. Hann er með tveimur hólfum, byggður úr torfi og grjóti.Sennilega er annað hólfið lambakró. Hann er byggður upp við klett og er hann notaður sem einn veggur mannvirkisins.

[72] Örnefnaskrá Varmalækur.
[73] Örnefnaskrá Varmalækur.
[74] Svör við spurningalista Örnefnastofnunar.
[75] Eldra minjanúmer: BO-175:018.



**Mynd 11. Stekkur [3379-20].**




**Kort 18. Selið hefur verið á flötinni neðst við Selsgilið.**

## Selflatir - sel[3397-21] heimild

Í örnefnaskrá segir frá tóftum [3397-21] [76]: „Innan við Stekkjarás kemur svo annað gil niður hlíðina. Það heitir Selgil. Þar sem það kemur upp, uppi á hálsi, heitir Seldalur, en þar sem það kemur niður á láglendið heita Selflatir. Innan við Selgilið heitir Selhlíð.“[77] Í svörum við

[76] Eldra minjanúmer: BO-175:019.
[77] Örnefnaskrá Varmalækur.

spurningalista segir: „Efst á Selflötum voru rústir, vafalaust leifar af seli. Meðan fært var frá, var setið yfir ám í svonefndum Nónflóa uppi á Varmalækjarmúla.“[78] Ekkert sést til þessa rústa í dag. Það er þó líklegt að þær leynist undir sverðinum í túninu, túnið sést ekki á herforingjaráðskortinu frá 1911 þannig túnið hefur verið gert eftir það.

## Ambáttarhóll – Selhóll – sel/bær [3397-22] tóftir

Í örnefnaskrá segir: Þar í er hár, áberandi hóll, sem heitir Ambáttarhóll. Hét áður Selhóll. Það nafn mun þó ekki vera eldra en síðan Guðný Snorradóttir bjó þar og nefndi sig ambátt drottins. Hún var einsetukona, forn í háttum og skapi. Sést hafa vafurlogar við hólinn.[79]

Guðný þessi fæddist árið 1771 og dó árið 1852, hún flutti í Selhól árið 1834 kallaði bæinn Ambáttarhól. Hún var þarna ásamt tveimur hestum og nokkrum kindum. Ýmsar þjóðsögur voru sagðar um Guðnýju sem verða ekki tíundaðar hér.[80] Engar heimildir eru um að þarna hafi verið bær eftir hún bjó þarna.



**Mynd 12. Drónamynd af tóftunum við Ambáttarhól, mynd tekin til vesturs.**

[78] Svör við spurningalista Örnefnastofnunar.
[79] Örnefnaskrá Varmalækur.
[80] Sjá nánar í Þjóðþættir 5124/1981- á Sarpi ; Konan í Ambáttarhól

Vestan við Ambáttarhólinn eru tóftir [3397-22], 37 x 12 m að stærð. Um er að ræða fjögur sambyggð rými, að því er virðist. Vestasta rýmið er opið til vesturs og hefur væntanlega verið fjárhús. Hin rýmin eru ógreinilegri en hafa sennilega verið íverurými. Líklega var inngangur frá norðri inn í miðhúsið. Ekki er útilokað að önnur tóft sé sunnan við sýnilegu tóftirnar. Einnig má gera ráð fyrir að eldri minjar leynist undir sýnilegum tóftum. Samkvæmt heimildum eru minjarnar a.m.k. eldri en frá árinu 1850.

Birkiskógur vex alveg upp að minjunum og gæti í náinni framtíð vaxið yfir þær. Því væri æskilegt að grisja í kringum þær




**Mynd 13. Uppmæling á tóftunum [3397-22] við Ambáttarhól.**

## Varða [3397-25] samgöngubót/selsvarða/eyktarmark

Upp á Ambáttarhól er lítið vörðubrot. Varðan virkar gömul, en hlutverk hennar er óljós, mögulega er þetta selsvarða eða eyktarmark. Varðan er um 0,4 m að hæð og 0,5 breidd.



**Mynd 14. Varða [3397-25] er uppi á Ambáttarhól.**

## Leið [3397-36] gata

Frá tóftunum á Ambáttarhól liggur leið [3397-36] til norðausturs sem sameinast leið [3397-42] og þaðan í átt að bænum annars vegar og yfir ánna hins vegar.

## Hlið og vegur [3397-23/24] steypa og gata

Austast á landareigninni er hlið [3397-23], tveir steyptir staurar, annar þeirra hruninn en hinn uppistandandi. Í gegnum hliðið er vegur [3397-24] sem gengur 900 m metra inn í landareignina. Þetta eru leifar af götunni í átt að Múlastöðum.[81]

[81] Sigurður Jakobsson, munnleg heimild.



**Mynd 15. Annar hliðarstaurinn [3397-23] er uppistandandi en hinn hruninn. Vegurinn [3397-24] liggur á milli þeirra.**

## Leið [3397-44] leið

Leið [3397-44] liggur frá vegi [3397-24] í gegnum skóginn í Bót, framhjá Ambáttarhól og að ánni.

## Mógrafir [3397-35] niðurgröftur

Mógrafir eða torfrista um 20 x 25 metrar að stærð eru norðan við Flókadalsveginn. Mógrafirnar eru ekki mjög greinilegar á vettvangi en greina má þær á loftmynd.




**Kort 19. Mógrafir [3397-35]**

## Lambhúslág [3397-33] [82] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Dalur. Hann liggur inn í melana sunnan við bæinn. Eftir honum kemur svo lækurinn, Varmilækur. Út úr þessum dal liggja svo álmur – syðst er Lambhúslág, er bak við melana, liggur út úr Dalnum rétt hjá bænum og er svo samhliða Dalnum – aðskildar af smámelhrygg.“[83] Engar fornleifar sjást á svæðinu og er staðsetning á korti áætluð. Einnig er mögulegt að örnefnið tengist hinu Lambhúsörnefninu [3397-5] og um sömu minjar sé um að ræða.

[82] Eldra minjanúmer: BO-175:014.
[83] Örnefnaskrá Varmalækur.



**Kort 20. Garðlög - gerði [3397-41].**

### Garðlag [3397-41] óþekkt notkun

Garðlög [3397-41] er við Blundsvatn og er að hluta til inn á landi Fossatúns. Garðlögin sáust ekki á vettvangi, en sjást vel á loftmyndum. Hlutverk garðanna er óþekkt.

## Samantekt og niðurstöður

Samtals voru skráðar 45 minjar, þar af eru 16 sýnilegar á vettvangi, en hinar hafa horfið og sjást ekki lengur. Flestar minjarnar innan skógræktarsvæðisins eru að minnsta kosti 100 ára gamlar og flokkast því sem fornleifar. Þjóðvegur [3397-27] er yngri en 100 ára og telst því ekki til fornleifa.

Við skráninguna voru einnig skráðar leiðir, vöð og nytjastaðir sem hafa lítið minjagildi, að undanskildri brúnni [3397-9] við Brúarfoss, sem er sérstaklega vel varðveitt rétt utan við skráningarsvæðið. Í flestum tilvikum ættu uppmælingar að vera fullnægjandi, en það er þó Minjastofnun Íslands sem setur skilyrði varðandi varðveislu og umgengni.

Minjar sem sérstaklega þarf að taka tillit til:

- Varmalækur er forn jörð, og ekki ólíklegt að þar hafi verið búið frá landnámi. Á bæjarstæðinu hefur mikið verið byggt, og engar eldri minjar eru sýnilegar. Hins vegar gæti bæjarhóllinn verið stærri, sérstaklega til norðurs og austurs, þar sem kirkja og kirkjugarður áttu að hafa staðið. Því er mögulegt að minjar leynist undir yfirborðinu. Mælt er með að forðast rask eða plöntun nærri þessum svæðum.

- Á Bót og vestan við Ambáttarhól eru fornar tóftir [3397-22] af býli og sennilega seli. Þar þarf að grisja gróður, en birkiskógur vex upp að tóftunum, og alls ekki ætti að planta nærri þeim. Minjarnar eru að minnsta kosti eldri en frá 1850, og undir þeim gætu leynst enn eldri minjar. Rétt hjá er einnig varða sem virðist vera gömul.

- Á Selflötum [3397-21] þarf að fara með varúð, sérstaklega á efsta hluta svæðisins, þar sem áður voru rústir sem nú sjást ekki lengur. Hugsanlegt er að selið leynist enn undir yfirborðinu.

- Stekkurinn [3397-20] og Gamlistekkur [3397-14] hafa mikið minjagildi, þar sem þeir eru meðal fárra minja sem minna á gamla búskaparhætti.

Friðhelgað svæði í kringum friðaðar fornleifar er samkvæmt 22 gr. laga um menningarminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.[84] Samkvæmt þeim skal ekki gróðursetja nær en sem því nemur. Athygli er vakin á því að skógrækt getur dreift úr sér sem getur haft áhrif á minjarnar seinna meir. Í einu tilfelli er nú þegar mikið af birkiskóg í kringum minjar [3397-22] og er lagt til að grisjað verði þar.

[84] Lög um menningarminjar, 2012.

Ekki er lagt hættumat á þær minjar sem eingöngu er heimild fyrir þar sem staðsetning þeirra er ekki alltaf fullkomlega ljós og ekki vitað hve mikið af þeim eru ennþá í jörðu.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.[85]

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ [86]

[85] Lög um menningarminjar, 2012.
[86] Lög um menningarminjar, 2012.

# Heimildir

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson (1981) *Ferðabók Eggert Ólafssonar og Bjarna Pálssonar: Um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson (2001) *Fornleifaskráning í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar III: Bær í Bæjarsveri og Kleppjárnsreykir í Reykholtsdal*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Herforningaráðskort* (1911).

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (IV). (1925 og 1927). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

*Konan í Amáttarhól.* Birtist í Fálkinn 34. Árgangur, 46. Tölublað 22.11.1961, bls. 14-15 og 34

*Ljósmynd – Varmalækur* (1914) Ljósmyndari: Ingimundur Ásgeirsson eða Ingibjörg Guðmundsdóttir. Mynd sótt af: https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1691169

*Ljósmynd – Varmalækur* (u.þ.b. 1940). Ljósmyndari: Bjarni Árnason frá Brennistöðum.

*Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.*

*Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags.* Reykjavík: Sögufélag Örnefnastofnun Íslands.

*Túnakort – Varmalækur* (1917-1920)

W. G. Collingwood (1899) Varmalækur – Málverk. Birtist í*: W. G. Collingwood og Jón Stefánsson (1899). A pilgrimage to the saga-steads of Iceland.* Ulverston: W. Holmes.

*Þjóðþættir 5124/1981-2.* Sótt af: https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=543342

## Árnastofnun – Örnefnasafn

*Örnefnaskrá Steðj.* Ívar Björnsson skráði.

*Örnefnaskrá Varmalækur.* Ari Gíslason skráði.

*Örnefnaskrá Varmalækur.* Jakob Jónsson endurskráði.

*Örnefnaskrá Varmalækjar.* Svör við spurningalista.

# Viðaukar

## Fornleifaskrá

## Kort

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-01 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | BO-175:001 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | bæjarstæði | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | heimild | Hlutverk | býli | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Varmalækur | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | sést ekki | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | vegna ábúðar | | |
| Hætta tilefni | | Efni | | Aldur frá | 900 | Aldur til | 1950 |
| Leid | | Horfin | já | Horfin ástæða | vegna byggingar | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | Loftmynd | Túnakort | Túnakort 1917-1920 | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458667,8319 | Isnet N | 379194,4 | Heimildir | | | |
| Minjagildi | ekki metið | Umhverfi | byggð – mannvirki | | | | |
| Ljósmyndari | SN | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Túnakortið sýnir íbúðarhús [3397-1] úr timbri sem byggt var 1904 og talið er að eldri torfbær hafi staðið sunnan við það á brekkubrún. Timburhúsið var rifið árið 1950. Á ljósmynd frá 1914 sést tvílyft timburhús með átta gluggum á suðurhlið og þremur á vesturhlið. Tengibygging er á milli hússins og pakkhúss [3397-19] og er inngangur í húsið í henni. Eldri torfbær sést á málverki sem W.G. Collingwood málið árið 1897 þegar hann var á ferðalagi um landið.

Þar sem bæirnir stóðu er nú syðsti hluti útihúsasamstæðu þar sem nú er hlaða.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-02 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | BO-175:008 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | bæjarstæði | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | heimild | Hlutverk | kirkja - kirkjugarður | Flokkur | trúalegar minjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | sést ekki | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | vegna ábúðar | | |
| Hætta tilefni | | Efni | ekki vitað | Aldur frá | 1000 | Aldur til | 1700 |
| Leid | | Horfin | já | Horfin ástæða | vegna byggingar | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | Loftmynd | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458672,473 | Isnet N | 379247,005 | Heimildir | Sigurður Jakobsson | | |
| Minjagildi | ekki metið | Umhverfi | byggð – mannvirki | | | | |
| Ljósmyndari | SN | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Samkvæmt Sigurði Jakobssyni ábúanda á Varmalæk fundust mannabein þegar að fjárhúshlaðan var byggð um 1959-60. Kristján Eldjárn sem þá var þjóðminjavörður var kallaður til og áleit hann að þetta væru bein úr kirkjugarði, beinin voru jörðuð aftur.

Kirkja [3397-2] var þarna á miðöldum. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem voru þarna árið 1707, er sagt að 30 árum áður hafi kirkjan enn staðið en var fallin þegar þeir voru þarna. Leifar af kirkjunni og kirkjugarðinum gætu verið austan við húsin ekki er ljóst hvað fór undir fjárhúshlöðuna.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-03 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | BO-175:015 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Norðurtún | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | heimild | Hlutverk | hesthús | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Gesttóftahóll | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | sést ekki | Hættumat | mikið hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | | Efni | | Aldur frá | 1750 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | já | Horfin ástæða | slettað yfir | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | Loftmynd | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 459129,0169 | Isnet N | 379095,908 | Heimildir | Sigurður Jakobsson<br>Örnefnaskrá Varmalækur | | |
| Minjagildi | ekki metið | Umhverfi | garðlönd og tún | | | | |
| Ljósmyndari | | Mótvægisaðgerðir | | | | | |




„Nyrzt á túni er hóll, sem nefndur er Gesttóftahóll [3397-3]. Þar voru tættur eftir hesthús Gests á Varmalæk.“ Svo segir í örnefnaskrá.
Engar fornleifar sjást á þessu svæði í dag, aðeins hólar. Samkvæmt heimildamanni er búið að slétta svæðið, það var gert fyrir hans tíð. Hinsvegar man hann eftir því að þegar túnið var endurræktað „ skrallaði” tætarinn reglulega á einhverri fyrirstöðu rétt undir yfirborði. Hann telur að þar hafi verið gamlar grjóthleðslur.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-04 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | BO-175:016 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Framtún | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | garðlag | Hlutverk | túngarður | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Gerði | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar | Efni | torf og grjót | Aldur frá | 1500 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | að hluta | Horfin ástæða | Sléttað yfir | | |
| Lengd | 185 m | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | 0,3 m | Veggjahæð til | 0,5 m | Breidd veggjar | 0,4 m | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | Túnakort 1917-1920 | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458802,3709 | Isnet N | 379587,395 | Heimildir | Collingwood<br>Örnefnaskrá Varmalækur | | |
| Minjagildi | mikið | Umhverfi | garðlönd og tún | | | | |
| Ljósmyndari | SN | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



„Á hátúninu norðaustan af Brekkunni heitir Gerði " segir í örnefnaskrá. Þarna eru leifar af túngarði [3397-4]. Á túnakortinu er túnið girt með bæði girðingu og garði. Á málverkinu eftir Collingwood sést hluti garðsins. Um 185 metrar eru enn sýnilegir af garðinum við austurenda túnsins. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti að því er virðist. Hann er um 1 m að breidd.

Nr. 3397-05 | Bæjarnafn Varmalækur | Gömul nr. BO-175:017 | Jarðatalsnr. 175

Svæði Suðurtún | Sveitafélag Borgarbyggð | Dagur 17.02.25 | Skráning HJH, SN, RT

Tegund heimild | Hlutverk fjárhús | Flokkur búsetuminjar

Sérheiti | Verndun friðað | Verkefni Fornleifaskráning v/skógræktar

Ástand sést ekki | Hættumat | Hættuorsök

Hætta tilefni | Efni | Aldur frá 1750 | Aldur til 1900

Leid | Horfin já | Horfin ástæða sléttað yfir

Lengd | Breidd | Hæð | Hleðslu umferð

Veggjahæð frá | Veggjahæð til | Breidd veggjar

Mæling Túnakort | Túnakort Túnakort 1917-1920 | Verkefna nr MÍ 3397

Isnet E 458642,3659 | Isnet N 379097,800 | Heimildir Örnefnaskrá Varmalækur

Minjagildi ekki metið | Umhverfi garðlönd og tún

Ljósmyndari | Mótvægisaðgerðir



Sunnan við lækinn er tún, sem heitir Lambhústún og þar hafa vafalaust staðið lambhús [3397-5] , og vitað er, að þar voru ær mjaltaðar í kvíum. Á túnakorti er merkt inn hús á þessu svæði. Ekkert sést til minjanna í dag.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-06 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Flóð | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | heimild | Hlutverk | torftökusvæði | Flokkur | efnistaka og nýting | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | sést ekki | Hættumat | | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar | Efni | | Aldur frá | 1500 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | já | Horfin ástæða | ekki vitað | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458681,722 | Isnet N | 377370,304 | Heimildir | Örnefnaskrá Varmalækur | | |
| Minjagildi | lítið | Umhverfi | gras- og mólendi | | | | |
| Ljósmyndari | Loftmyndir ehf. | Mótvægisaðgerðir | Engar | | | | |




„Góð reiðingsrista var í Flóðum niður af Reiðingsholti“ segir í svörum við spurningalista örnefnaskrár. Mjög þýft er á svæðinu og erfitt að greina ristur eða niðurgröft á svæðinu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-07 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | Heimild | Hlutverk | þurrksvæði | Flokkur | efnistaka og nýting | | |
| Sérheiti | Reiðingsholt | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | sést ekki | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | | Efni | | Aldur frá | 1750 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | já | Horfin ástæða | Ekki vitað | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458648,420 | Isnet N | 377469,45 | Heimildir | | | |
| Minjagildi | ekki metið | Umhverfi | klettar/klappir | | | | |
| Ljósmyndari | HJH | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Í örnefnaskrá segir: „Upp af Flóðunum eru tvö lág holt. Heitir það syðra Reiðingsholt.“ Í svörum við spurningalista segir: „ Góð reiðingsrista var í Flóðum niður af Reiðingsholti. Var torfið þurrkað á Reiðingsholti. Góð torfrista var víðar í landi Varmalækjar.“ Engin spor eru eftir að torf hefur verið þurrkað á svæðinu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-08 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | BO-175:011 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Flókadalsá | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | heimild | Hlutverk | vað | Flokkur | samgönguminjar | | |
| Sérheiti | Hjálmsvað | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | ekki manngert | Hættumat | engin hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | | Efni | | Aldur frá | 1500 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | Loftmynd | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458741,4440 | Isnet N | 380485,08 | Heimildir | Örnefnaskrá Varmalækur<br>Örnefnaskrá Steðji | | |
| Minjagildi | ekki metið | Umhverfi | árbakki | | | | |
| Ljósmyndari | Loftmynd | Mótvægisaðgerðir | | | | | |




Í örnefnaskrá Varmalækjar segir: „Fyrir ofan gljúfrin eru eyrar upp á merki, sem nefndar eru Undirlendi. Neðst á því er foss, sem heitir Hjálmsfoss, er talinn draga nafn af manni, er hafi farið þar í ána, en Hjálmsvað [3397-8] er rétt ofan við fossinn.“
Í örnefnaskrá Steðja segir: „Vestur af nesinu er efsti fossinn í ánni á þessum slóðum, og heitir hann Hjálmsfoss. Ofan við hann er Hjálmsvað á ánni, og undir fossinum er hylur, sem heitir Hjálmshylur. Allt á þetta að vera kennt við einhvern Hjálm, sem fór í ána, en vaðið var rétt á fossbrúninni.“

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-09 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | BO-175:012 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Flókadalsá | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | hleðsla | Hlutverk | brú | Flokkur | samgönguminjar | | |
| Sérheiti | Brúarfoss | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | Hrun/skógur | | |
| Hætta tilefni | skógrækt | Efni | grjót | Aldur frá | 1894 | Aldur til | 1934 |
| Leid | Brú á Brúarfoss | Horfin | að hluta | Horfin ástæða | ekki vitað | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458822,413 | Isnet N | 380414,337 | Heimildir | Örnefnaskrá Varmalækur<br>Örnefnaskrá Steðji | | |
| Minjagildi | mikið | Umhverfi | árbakki | | | | |
| Ljósmyndari | HJH | Mótvægisaðgerðir | Grisja birkiskóg | | | | |



„Þar neðar er svo lítill foss, nefndur Brúarfoss, dregur nafn af, að þar var sett brú á ána og notuð um hríð." Segir í örnefnaskrá Varmalækjar. Í örnefnaskrá Steðja er sagt betur frá brúnni: „Á gljúfrinu, spölkorn fyrir neðan Hjálmsfoss, var byggð trébrú yfir ána árið 1894 og lagður vegur að henni yfir mýrarsund, sem þar er fyrir austan, og var eftir það kallað Brúarsund, ef til vill af brúnni á ánni, en líklega frekar af veginum yfir sundið, brú þá í merkingunni vegarspotti yfir mýrarsund. Annars þræddi hestavegurinn mela upp að Steðjanum og austur með honum ofan við mýrarsundin og austur hjá Hestakletti yfir mýrarsund norðan klettsins á Skeiðmel í Brúsholtslandi. Þessi brú á Flóku var rifin vorið 1934, þegar ný brú hafði verið byggð á Strákavaði haustið 1933, en stöplarnir að henni sjást enn, svo og vegurinn (brúin) yfir sundið." Í dag eru leifar af hlaðinni undirstöðu af brúnni [3397-9] Steðja-megin. Varmalækjar-megin er einn hlaðinn stólpi uppistandandi, hlaðinn grjóti með steypu á milli. Merkilegar minjar um brúarsmíði í lok 19 aldar.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-10 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Flókadalsá | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | heimild | Hlutverk | vað | Flokkur | samgönguminjar | | |
| Sérheiti | Strákavað | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | ekki manngert | Hættumat | engin hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | | Efni | | Aldur frá | 1500 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 459788,3539 | Isnet N | 380356,32 | Heimildir | Örnefnaskrá Varmalækur | | |
| Minjagildi | ekki metið | Umhverfi | árbakki | | | | |
| Ljósmyndari | | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



„Nokkuð þar fyrir neðan er svo vað á ánni, sem heitir Strákavað. Þar er nú brúin á ánni" segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningalista segir ennfremur: „Strákavað var illt yfirferðar, grýttur botn og áin ströng."

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-11 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Húsasund | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | heimild | Hlutverk | fjárhús | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | sést ekki | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar | Efni | | Aldur frá | 1800 | Aldur til | 1930 |
| Leid | | Horfin | já | Horfin ástæða | sléttað yfir | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | Túnakort | Túnakort | Túnakort 1917-1920 | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458871,121 | Isnet N | 379577,83 | Heimildir | Örnefnaskrá Varmalækur<br>Sigurður Jakobsson | | |
| Minjagildi | ekki metið | Umhverfi | garðlönd og tún | | | | |
| Ljósmyndari | HJH | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Á túnakorti er teiknað inn hús við enda túnsins. Samkvæmt heimildamanni stóðu fjárhús á þessum stað, en ekkert sést til fornleifa í dag, búið að slétta svæðið.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-12 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | Heimild | Hlutverk | leið | Flokkur | samgönguminjar | | |
| Sérheiti | Laxagata | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | sést ekki | Hættumat | | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | | Efni | | Aldur frá | 1750 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | Já | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | | Túnakort | Nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | | Isnet N | | Heimildir | Örnefnaskrá Varmalækur | | |
| Minjagildi | | Umhverfi | kjarr- og skóglendi | | | | |
| Ljósmyndari | | Mótvægisaðgerðir | | | | | |

„Neðst um Lágsnagann liggur svo Laxagatan“ segir í örnefnaskrá. „Sagt er, að lax, sem veiddur var í Flóku, sennilega með ádrætti, hafi verið fluttur heim að Bæ eftir Laxagötu“ segir í svörum við spurningalista. Leiðin fannst ekki við skráningu, líklega er hún utan svæðis.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-13 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | gata | Hlutverk | leið | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | greinanlegar | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar | Efni | | Aldur frá | 1750 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | Nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | 350 m | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | Uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 457749,1060 | Isnet N | 378546,094 | Heimildir | Örefnaskrá Varmalækur | | |
| Minjagildi | nokkurt | Umhverfi | gras- og mólendi | | | | |
| Ljósmyndari | | Mótvægisaðgerðir | | | | | |




Þá er það Götás, sem fyrr er nefndur. Hann hefur nafn sitt af, að eftir honum lá aðalvegurinn áður fyrr, sá sami, sem lá um Hesthháls. Ofan við Götás er mýrarsund, sem nefnt er Múlasund. Mikið af því er í Fossatúnslandi. Við norðurendann á Götás kemur Rauðilækurinn niður.“ Segir í örnefnaskrá.

Leiðin er sýnileg á a.m.k. 350 m kafla. Nær frá Rauðalæk og út fyrir landareignina til suðvesturs. Leiðin heldur svo áfram heim að bæjarhlaði Varmalæks.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-14 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | BO-175:013 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | tóft | Hlutverk | stekkur | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Gamlistekkur | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | greinanlegar | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar | Efni | torf og grjót | Aldur frá | 800 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | 15 | Breidd | 7 m | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | 0,3 m | Veggjahæð til | 0,8 m | Breidd veggjar | 0,5 m | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 457683,33 | Isnet N | 378837,075 | Heimildir | | | |
| Minjagildi | mikið | Umhverfi | gras- og mólendi | | | | |
| Ljósmyndari | SN | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Í örnefnaskrá segir: „Norðan undan Kárahjalla (svo), næstum því niður við jafnsléttu, heitir Gamlistekkur. " Í svörum við spurningalista segir : „Skammt ofan við Grafardal eru rústir, sem jafnan voru nefndar Gamlistekkur." Stekkurinn [3397-14] er gróinn og sokkinn í landslagið. Stekkurinn er líklega úr torfi og grjóti, en erfitt er að sjá það sökum þess hve sokkinn hann er. Hann er með tvö hólf og er 15 x 7 m að stærð, og annað hólfið hefur líklega verið lambakró. Opið snýr í vestur.

Nr. 3397-15
Bæjarnafn Varmalækur
Gömul nr. BO-175:023
Jarðatalsnr. 175
Svæði Grafardalur
Sveitafélag Borgarbyggð
Dagur 17.02.25
Skráning HJH, SN, RT
Tegund heimild
Hlutverk mógrafir
Flokkur efnistaka og nýting
Sérheiti Grafardalur
Verndun friðað
Verkefni Fornleifaskráning v/skógræktar

Ástand illgreinanlegar
Hættumat mikil hætta
Hættuorsök
Hætta tilefni vegna skógræktar
Efni
Aldur frá 1500
Aldur til 1900
Leid
Horfin að hluta
Horfin ástæða
Lengd
Breidd
Hæð
Hleðslu umferð
Veggjahæð frá
Veggjahæð til
Breidd veggjar
Mæling Uppmæling
Túnakort nei
Verkefna nr MÍ 3397
Isnet E 457889,603
Isnet N 378667,907
Heimildir Örnefnaskrá Varmalækur
Minjagildi lítið
Umhverfi Gras- og mólendi
Ljósmyndari Loftmynd
Mótvægisaðgerðir



Í örnefnaskrá segir frá mógröfum [3397-15] : „Rétt hjá Rauðalæk, beint niður af Gamlastekk, er syðst í melnum grasi vaxin dæld, sem heitir Grafardalur. Framan í melunum, niður að flóanum, eru tvær lágar, sem heita Dýjalágar“ Í svörum við spurningalista segir: „Ekki var gott mótak á Varmalæk, en nothæft þó. Aðallega á Húsasundi og í Grafardal. Sennilega hefur verið hætt að taka upp mó milli 1920 og 1930. “ Mógrafirnar eru ekki vel sýnilegar á vettvangi..

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-16 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Kinn | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | jarðrækt | Hlutverk | beðasléttur | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | vel greinanlegar | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar | Efni | | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | 200 m | Breidd | 85 m | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458712,728 | Isnet N | 379445,385 | Heimildir | Sigurður Jakobsson | | |
| Minjagildi | mikið | Umhverfi | garðlönd og tún | | | | |
| Ljósmyndari | SN | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Vestan við bæinn, á austurhluta túnsins sem kallast Kinn í Framtúni, eru umfangsmiklar beðasléttur, um 250 x 85 m að stærð. Trjám hefur verið plantað á svæðinu, en beðasléttturnar eru enn greinilegar.
Torfi Bjarnason sem síðar var þekktur fyrir að stuðla að framförum í landbúnaði á Íslandi og stofnaði Ólafsdalsskólans í Gilsfirði, bjó á Varmalæk 1869 -1871. Samkvæmt heimildarmanni útbjó hann líklega þessar beðasléttur, þótt einnig sé mögulegt að það hafi verið Auðunn Vigfússon.
Heimildarmaður taldi ekki ósennilegt að fyrsti áfangi þeirra hafi verið gerður af Torfa Bjarnasyni. Þar sem hann En þar sem hann var þarna í aðeins tvö ár er ólíklegt að hann hafi gert þær allar.
Þar sem hann var aðeins á Varmalæk í tvö ár er þó ólíklegt að hann hafi útbúið þær allar. Auðunn Vigfússon bjó á Varmalæk á árunum 1871–1884, og Jakob Jónsson frá 1884 til dauðadags árið 1912.
Heimildarmaður telur líklegt að beðasléttturnar séu að mestu leyti frá búskapartíð Jakobs Jónssonar.

| | |
|---|---|
| Nr. | 3397-17 |
| Bæjarnafn | Varmalækur |
| Gömul nr. | ekki skráð áður |
| Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Niðurtún |
| Sveitafélag | Borgarbyggð |
| Dagur | 17.02.25 |
| Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | niðurgröftur |
| Hlutverk | framræsluskurðir |
| Flokkur | búsetuminjar |
| Sérheiti | |
| Verndun | friðað |
| Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar |
| Ástand | vel greinanlegar |
| Hættumat | mikil hætta |
| Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar |
| Efni | annað |
| Aldur frá | 1900 |
| Aldur til | 1940 |
| Leid | |
| Horfin | nei |
| Horfin ástæða | |
| Lengd | 156 m |
| Breidd | 2 m |
| Hæð | |
| Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | |
| Veggjahæð til | |
| Breidd veggjar | |
| Mæling | uppmæling |
| Túnakort | nei |
| Verkefna nr MÍ | 3397 |
| Isnet E | 458806,46 |
| Isnet N | 378861,978 |
| Heimildir | Sigurður Jakobsson |
| Minjagildi | Nokkurt |
| Umhverfi | Garðlönd og tún |
| Ljósmyndari | HJH |
| Mótvægisaðgerðir | Engar uppmælingar ættu að duga |



Mikið er af framræsluskurðum í túninu norðvestur af bænum, sem kallast Niðurtún. Flestir þeirra eru nýlegir, en sjö teljast til fornleifa þar sem þeir eru eldri en 100 ára. Um er að ræða sex skurði sem liggja í túninu vestan við bæinn, við heimkeyrsluna. Þessir skurðir voru handgrafnir af Þorsteini Jakobssyni, eða Steina Hreða, sem var afkastamikill í skurðagreftri. Skurðirnir eru grynnri í dag en hinir, nýju skurðirnir, en þeir þjóna enn sínum tilgangi.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-18 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Engjastapi | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | gata | Hlutverk | leið | Flokkur | samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | greinanlegar | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar | Efni | | Aldur frá | 1500 |
| Aldur til | 1900 | | | | |
| Leid | Leið Engjum | Horfin | að hluta | Horfin ástæða | vegna ræktunar |
| Lengd | 763 m | Breidd | 4 m | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 |
| Isnet E | 458941,3310 | Isnet N | 378040,632 | Heimildir | Sigurður Jakobsson |
| Minjagildi | nokkurt | Umhverfi | garðlönd og tún | | |
| Ljósmyndari | HJH | Mótvægisaðgerðir | | | |



Engjavegur lá frá bænum og að Engjastapa. Handgrafinn vegur sem var gerður fyrir heybandslestina samkvæmt heimildarmanni. Vegurinn liggur að hluta þar sem nú er heimreiðin að Varmalæk og að Engjastapa, þar sem hann er sýnilegur. Hluti vegarins er nú utan skráningarsvæðisins. Hann er skorinn af framræsluskurðum.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-19 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | BO-175:004 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | bæjarstæði | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | heimild | Hlutverk | pakkhús | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | sést ekki | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | vegna ábúðar | | |
| Hætta tilefni | | Efni | annað | Aldur frá | 1850 | Aldur til | 1950 |
| Leið | Pakkhús | Horfin | já | Horfin ástæða | vegna byggingar | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | Loftmynd | Túnakort | Túnakort 1917-1920 | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 458678,543 | Isnet N | 379195,887 | Heimildir | | | |
| Minjagildi | ekki metið | Umhverfi | byggð – mannvirki | | | | |
| Ljósmyndari | SN | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Pakkhús [3397-19] stóð við hliðina á íbúðarhúsinu og voru þau hús sambyggð. Húsið sést á ljósmynd frá 1914. Þar er tengt við íbúðarhúsið með tengibyggingu. Húsið er lægra en íbúðarhúsið og dyr hússins vísa til vesturs. Á túnakorti eru þessi hús merkt inn sem eitt hús.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3397-20 | Bæjarnafn | Varmalækur | Gömul nr. | BO-175:018 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Stekkjarás | Sveitafélag | Borgarbyggð | Dagur | 17.02.25 | Skráning | HJH, SN, RT |
| Tegund | tóft | Hlutverk | stekkur | Flokkur | búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Stekkur | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | greinanlegar | Hættumat | mikil hætta | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar | Efni | torf og grjót | Aldur frá | 1500 | Aldur til | 1900 |
| Leid | | Horfin | nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | 15 m | Breidd | 8 m | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | 0,3 m | Veggjahæð til | 0,5 m | Breidd veggjar | 0,5 m | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3397 | | |
| Isnet E | 457804,054 | Isnet N | 380036,065 | Heimildir | Örnefnaskrá Varmalækur | | |
| Minjagildi | mikið | Umhverfi | gras- og mólendi | | | | |
| Ljósmyndari | SN | Mótvægisaðgerðir | Virða 15 til 20 m mörk við skógrækt | | | | |



Í örnefnaskrá segir: „Inn af Hádegisgili er grasi gróin hvilft, sem heitir Skál. Þar niður af er ás, sem heitir Stekkjarás. Hann er skógi vaxinn.“ Einnig segir: „Syðst í Stekkjarási eru rústir, sem ávallt voru nefndar Stekkur“ Í svörum við spurningalista segir „Vestan við Stekkjarás (82) voru rústir undir allháum kletti, venjulega kallaðar Stekkur“.
